

# ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 99/2000

M

og

Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar launþega.

## Ágreiningur um bótaskyldu úr slysátryggingu launþega vegna slyss þann 21.12.1989.

### Gögn.

1. Málskot móttækið 4.4.2000.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 1054/1999.
3. Tilkynning um slys til Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 3.9.1995.
4. Beiðni lögmanns M um læknisvottorð, ódags.
5. Læknisvottorð heilsugæslulæknis, dags. 9.2.1998.
6. Vottorð sama læknis um skráningu í sjúkraskrá málskotsaðila þann 21.12.1989.
7. Örorkumat, dags. 2.6.1998.
8. Bréf lögmanns M, dags. 16.6.1998.
9. Bréf X, dags. 25.3., 6.5. og 8.7.1998 og 12.4.2000.

### Málsatvik.

Þann 21.12.1989 mun M hafa verið við störf hjá S og þá runnið til og fallið aftur á bak og lent á bakinu. Samkvæmt frásögn M, sem eftir henni er haft í örorkumati, mun hún strax hafa fundið fyrir verkjum í baki en þó hafa haldið áfram vinnu, en nokkrum tímum seinna verið orðin miklu verri og farið heim til sín. Hún hafi ekki treyst sér á heilsugæslustöð og því fengið lækni heim til sín. Við skoðun þann dag hafi komið í ljós að hún hafi verið mjög slæm í baki og stíð og átt í erfiðleikum með að standa. Hafi eymslin aðallega verið vinstra megin í baki. Hún hafi verið rúmleggjandi heima í þrjár vikur og hafið störf að nýju þann 22.1.1990 eða mánuði eftir slysið. Hún hafi verið í hálfu starfi fyrstu fjóra dagana, en eftir það verið í fullri vinnu hjá fyrirtækinu til ársins 1995. Hún hafi farið í sjúkraþjálfun stuttu eftir slysið og verið síðan áfram í sjúkraþjálfun eitthvað eftir að hún hóf störf aftur. Þrátt fyrir það hafi einkenni haldið áfram og hún orðið að hlífa sér við mörg störf þótt hún hafi haldið áfram í fullri vinnu.

Í nótu í sjúkraskrá M á heilsugæslustöð frá 21.12.1989 segir að hún hafi runnið til í vinnu umræddan dag og fundið smell í bakinu. Hafi hún fengið verki í bakið sem hafi ágerst og leitt niður að hné. Á tímabili hafi hann leitt niður í tær, en óljóst hvoru megin. Hún hafi ekki getað sofist og ekki staðið upp. Við skoðun hafi hún verið aum vinstra megin í bakinu við þreifingu. "Lasegue" hafi verið jákvæður vinstra megin við 40°, en neikvæður hægra megin. Þá hafi hún verið aum í 45° hægra megin við "activa" lyftingu. Fullir kraftar og enginn dofi. Henni var ráðlögð rúmlega og bólgueyðandi og verkjastillandi lyf.

### Álit.

Af hálfu M var tryggingafélaginu fyrst tilkynnt um slysið í mars 1998 eða rúmum 8 árum eftir tjónsatburð. Af gögnum málsins verður ekki séð að M hafi verið til lækni meðferðar af nokkru tagi allt frá því er slysið varð að undanskilinni læknisvitjuninni sjálfan slysdaginn. Engar skýringar liggja fyrir hvers vegna dróst úr hömlu að tilkynna félaginu um slysið eða gera reka að því að koma bótakröfum á framfæri.

Samkvæmt 29. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga fyrnast kröfur, sem rísa af vátryggingarsamningi, á 4 árum frá lokum þess almanaksárs, er kröfuhafinn fékk vitneskju sína

og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur um greiðslu bóta fynast þó í síðasta lagi á 10 árum frá því váttryggingarburðurinn gerðist.

Einkenni, sem M telur sig búa við af völdum slyssins þurftu að því er virðist ekki lækni meðferðar við. Af hálfu M hefur ekki verið sýnt fram á með skýrum rökum að líkamstjón hennar af völdum slyssins hafi ekki verið orðið varanlegt á fyrstu fjórum almanaksárunum eftir slysið eða að á sama tíma hafi ekki mátt meta afleiðingarnar og krefjast bóta úr slysatryggingunni. Fjögurra ára fyrningarfrestur skv. 29. gr. laga nr. 20/1954 hóf því að líða í það minnsta frá árslokum 1993. Samkvæmt því var krafa M fyrnd, er félaginu var tilkynnt um tjónið á árinu 1998. Þegar af þessari ástæðu á M ekki kröfu á hendur félaginu.

**Niðurstaða.**

Tjón M er ekki bótaskyld.

Reykjavík, 5. maí 2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.